



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
 WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvæna prentsmiðjan!
GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 26. nóvember 2008 – 49. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Orðskýringin
 Hvað er skilanevnd?



6

Ársreikningaskrá
 Sektað í fyrsta sinn fyrir vanskil reikninga



2

Jafet S. Ólafsson
 Með hnulling í skónum



6



HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS Í REYKJAVÍK.

Glitnir kærir til FME

„Nýi Glitnir hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um meint brot á þagnarskylduákvæðum laga um fjármálafrýrtæki,“ segir Tómas Sigurðsson, yfirlögreglæingur bankans.

Tómas vísar til þess að almenn- ingur fékk aðgang að gögnum úr lánabók gamla Glitnis, þegar Morgunblaðið birti hluta þeirra á sunnudag. Þar kom meðal annars fram að helstu stjórnendur Glitnis hefðu, ásamt FL Group, sem var stærsti hluthafinn, brotið verklagsreglur við lánveitingar. Tugmilljarðalán hefðu verið ákveðin af fáum, án þess að lánveitinganevnd fjallaði um, eða áhætta væri metin.

Tómas segir meint brot tvíþætt: „Í fyrsta lagi er tilkynnt um þá háttsemi að trúnaðarupplýsingar um viðskiptamenn bankans hafi verið afhentar blaðamanni og í öðru lagi þá háttsemi Morgunblaðsins að birta upplýsingarnar. Lög um fjármálafrýrtæki kveða skýrt á um það að sá sem veitir trúnaðarupplýsingum viðtöku sé bundinn þagnarskyldu á sama hátt og starfsmenn bankans. Bankinn stendur vörð um þær upplýsingar sem honum er trúð fyrir af viðskiptamönnum sínum og getur ekki látið það átölulaust að skýlaus ákvæði um þagnarskyldu séu brotin.“

Karl Blöndal, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, bendir á að dómur hafi fallið þar sem almannahagsmunir væru metnir ríkari en þagnarskyldan. „Við máttum það svo í þessu tilviki.“

- ikh, bh

FRÉTTIR VIKUNNAR

Bílalán seðlabanka | Bandaríska viðskiptaráðuneytið ætlar að verja á bilinu 25 til 100 milljörðum dollara til að auka framboð ýmissa neytendalána. Kaupa á skuldavafninga sem innihalda bílalán, kreditkortaskuldir og námslán.

Minni fasteignasala | Sala á eldra húsnæði í Bandaríkjunum dróst saman um 3,1 prósent milli mánaða í október. Sölutölur í mánuðinum voru undir væntingum hagfræðinga. Óseldum eignum á söluskrá fækkaði þó lítillega milli mánaða.



Svart útlit í Bretlandi | Hrun hefur orðið í umsóknum um fasteignalán í Bretlandi, en tölur frá samtökum fasteignalánveitenda sýna að bankar veittu helmingi færri fasteignalán í október en fyrir ári.

Minni DVD-sala | Sala á DVD-diskum, sem eru helsta tekjulind kvikmyndavera í Hollywood, hefur dregist saman um fjögur prósent það sem af er ári. Mestur er samdrátturinn í dýrum nýjum myndum, 22 prósent. Þá er sala á Blue-ray diskum langt undir væntingum.

Hætt við kaup | BHP, stærsta námufélag heimsins, er hætt við yfirtöku sína á Rio Tinto, móðurfélagi álversins í Straumsvík. Forstjóri BHP segir yfirtökuna mjög kostnaðarsama og væri erfitt að selja eignir upp í skuldir nú um stundir.

Bankaleynd ekki aflétt

Bankarnir óttast viðurlög, ef þeir segja frá viðskiptum sínum. Kaupþing hyggst ekkert birta nema dómstólar krefjist þess.

Ingimar Karl Helgason
 skrifar

„Ef svo ólíklega vill til að leynd um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga verða afnumin sem berýnlega er andstæð ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og væntanlega einnig brot á tilskipun Evrópusambandsins um þagnarskyldu fjármálafrýrtækja mun bankinn synja um afhendingu gagna nema samkvæmt dómi Hæstaréttar og eftir atvikum niðurstöðu Evrópuðómstólsins.“ Svo segir í svari Kaupþings við beiðni Markaðarins og Fréttablaðsins um gögn úr bankanum.

Blaðið skrifaði forsvarsmönnum Glitnis, Landsbankans og Kaupþings, auk Fjármálaeftirlits (FME), viðskiptaráðherra og seðlabankastjóra. Óskað var gagna eða vitneskju um útlán bankanna.

Bankarnir hafa þegar svarað, og eru svörin skýr. Upplýsingar verði ekki látnar af hendi, vegna bankaleyndar. Landsbankinn og Glitnir segjast ekki munu láta af hendi nein gögn, nema til komi til-mæli frá Alþingi, í formi laga. Kaupþing bætir við að hæpið sé að lagasetning „geti með afturvirkum hætti tekið til lánveitinga sem áttu sér stað fyrir gildistöku slíkra laga“.

Þá fullyrða Kaupþingsmenn að verði upplýsingar veittar, gerist starfsmenn sekir um að brjóta gegn

lögum um bankaleynd og upplýsingalög. Tveggja ára fangelsi liggja við slíkum brotum. „Engin heimild er til refsilækkunar á grundvelli þess að seðlabankastjóri telji að bankaleynd eigi ekki við um þessi mál.“

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á fundi Viðskiptaráðs fyrir viku, að bankaleynd ætti ekki við, þegar fjallað væri um aðdraganda bankahrunsins. Hann fullyrði að einn aðili, sem hann nefndi ekki, hefði fengið þúsund milljarða að láni hjá bönkunum. Eftirlitsaðilar hefðu „teygst sig með ólíkindum langt til að finna út að sami aðili væri óskyldur sjálfum sér“.

Samkvæmt hálfársuppgjöri bankanna námu lán til venslaðra aðila um 275 milljörðum króna. Samkvæmt nýjustu tölum Seðlabankans, sem birtar voru í upphafi vikunnar, námu lán þeirra til innlendra aðila hátt í 5.000 milljörðum króna. Um þriðjungur þess fór til eignarhaldsfélaga.

Kaupþing segir í svari við fyrirspurn blaðsins, að lán til tengdra aðila hafi verið komið á framfæri við FME. Þá segir að reglur um friðhelgi um einkamálefni hafi verið kallaðar grundvallarreglur réttarríkisins. „Það ástand sem nú ríkir felur ekki í sér réttlættingu á því að slíkum reglum sé vikið til hliðar. Þvert á móti hefur sjaldan verið mikilvægara að standa vörð um slík grundvallarréttindi.“

Taka yfir Glitni í New York

„Þegar skilanevnd Glitnis tók bankann yfir var tilkynnt að allri erlendri starfsemi yrði hætt. Starfsemi í Bandaríkjunum fór fram í hlutafélagi sem bar nafnið Glitnir Capital Corporation og var með tvenns konar starfsemi; fjárfestingar sem voru bókaðar hjá móðurfélaginu á Íslandi og eru í eigu þess félags og í öðru lagi ráðgjöf til viðskiptavina sem var veitt af starfsmönnum skrifstofunnar,“ segir Magnús Bjarnason, einn fjögurra fyrrverandi starfsmanna Glitnis, sem hafa tekið yfir reksturinn í New York.

Jónína Benediktsdóttir athafnakona spurði iðnaðarráðherra út í sölu skrifstofunnar á borgarafundi í Háskólabíói á mánudagskvöld. Hann kannaðist þá ekkert við málið.

Magnús segir að eðli málsins samkvæmt sé ráðgjöf bundin við starfsmennina sem á sviðinu starfi,

Jonathan Logan, Ignacio Kleiman, Magnús Bjarnason og Timothy Spanos. Hafa þeir stofnað fyrirtækið Glacier Partners til þess að halda þeirri starfsemi áfram. Hann segir útlán og fjárfestingar Glitnis hafa gengið vel í Bandaríkjunum og slíkar eigur séu áfram í eigu gamla Glitnis.

Skilanevnd Glitnis sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær, þar sem fram kemur að skrifstofa gamla Glitnis í New York hafi verið sölu-skrifstofa í leiguhúsnæði með óverulegum eignum. „Ljóst er að ekki var um hátt söluverð að ræða enda eignir óverulegar. Lánasafn var ekki selt með starfsemi og bankinn losnaði við allar skuldbindingar sem skrifstofunni fylgdu. Aðrar eignir, s.s. málverk, voru undanskilin í sölnunni í samræmi við til-mæli menntamálaráðuneytis og hafa verið send til Íslands.“

- bh

OPTICAL STUDIO LEIFSSTÖÐ – EINSTÖK SÉRVERSLUN Á FRÍHAFNARSVÆÐI



Alltaf **25% ódýrari,**
 gleraugu, linsur, sólgleraugu

Optical Studio
 FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

10 ára

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUADILAR: OPTICAL STUDIO SMÁRALIND, OPTICAL STUDIO KEFLAVÍK

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	7,0%	-45,2%
Atorka	-20,6%	-94,9%
Bakkavör	-13,2%	-96,0%
Eimskipafélagið	-3,0%	-96,3%
Exista	0,0%	-76,6%
Icelandair	-0,8%	-52,8%
Kaupþing	0,0%	-100,0%
Marel	-7,7%	-23,2%
SPRON	0,0%	-79,2%
Straumur	0,0%	-53,1%
Össur	-8,8%	-3,2%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvsluvisitalan OMXI15 637.

Ekki stefnt að sölu D'Angleterre

„Ég veit ekki hvaðan þessar upplýsingar eru komnar, svo sannarlega ekki frá mér,“ segir Gísli Reynisson, meirihlutaeigandi í eignarhaldsfélaginu Nordic Partners, sem á dönsku hótelin Kong Frederik, Front og D'Angleterre, eitt þekktasta hótél Norðurlanda.

Nordic Partners keypti rekstrarfélag hótélanna í fyrrihaust. Kaupverð var ekki gefið upp.

Danska dagblaðið Berlingske Tidende sagði í gær verðið hafa verið nálægt einum milljarði danskra króna. Í kjölfar bankahrunsins hafi orðrómur farið



GÍSLI VIÐ D'ANGLETERRE Flottasta hótél Norðurlandanna stendur í hjarta Kaupmannahafnar við Nytorv.

MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

á kreik um að Nordic Partners þreifi fyrir sér með sölu. Danskir fjárfestar hafi ekki áhuga á hótélunum og séu fjárfestar frá

Dýskalandi, Hollandi og Austurríki helst taldir koma til greina. Þeir horfi til mikillar uppstokkunar. Eins og aðstæður séu í dag hafi fáir áhuga nema á niðurstættu verði.

Gísli undrast um fjöllum blaðsins, segir hana á svipuðum nótum og í byrjun mánaðar þegar Berlingske sagði hótelin komin í eigu Landsbankans. Hið rétta sé að bankinn hafi komið að fjármögnun kaupanna.

„Sem fjárfestingarfélag höfum við ekkert á móti því að selja hlut í hótélunum. En sala á þeim er ekki í myndinni,“ segir Gísli. -jab

Það versta enn sagt vera eftir

„Þetta er bara byrjunin,“ segir Oliver Blanchard, aðalhafgæðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF). Á sunnudag sagði hann að fjármálakreppan ætti enn eftir að versna og að ástand á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum myndi ekki batna fyrr en 2011.

Blanchard varar við því að IMF ráði illa við að aðstoða öll lönd sem þyrfti ef ástandið versnaði.

Þá segir hann að spár sjóðsins geri ráð fyrir að hagkerfi idnríkanna dragist saman á næsta ári og hagvaxtar sé ekki að vænta fyrir en árið 2010. -msh

Teva tekur Barr

Hluthafar í bandaríska samheitalyfjafyrirtækinu Barr Pharmaceuticals samþykktu um helgina yfirtökutilboð írslaenska lyfjafyrirtækisins Teva.

Bæði fyrirtækin öttu kappi við Actavis um fyrirtækjakaup á síðastliðnum tveimur árum. Barr hafði betur í baráttunni um króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva árið 2006 en Teva blandaði sér í baráttuna um samheitalyfjahluta þýska lyfjarisans Merck í fyrra. Bæði Actavis og Teva drógu sig í hlé í seinna skiptið þar sem verðmiðinn var of hár.

Tilboð Teva í Barr, sem lagt var fram í júlí í sumar, hljóðar upp á 7,46 milljarða Banda-



HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Fyrir árslok er stefnt að því að sameina tvö lyfjafyrirtæki sem kepptu við Actavis í fyrirtækjakaupum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ríkjadala, jafnvirði rétt rúmra eitt þúsund milljarða íslenskra króna. Reiknað er með að kaupin gangi í gegn fyrir árslok, segir MarketWatch. -jab

Fyrstu sektir gætu numið 500 milljónum

Reglugerð um skil og birtingu ársreikninga hefur tekið gildi. Ársreikningaskrá beirir sektum fyrir vanskil í fyrsta sinn. Í sumar áttu yfir tvö þúsund fyrirtæki eftir að skila reikningi.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Vanræki fyrirtæki að skila inn ársreikningi til Ársreikningaskrár ríkisskattstjóra ber að beita sektum, samkvæmt nýjum lögum og reglugerð um skil ársreikninga og samstæðureikninga. Um verulegar upphæðir getur verið að ræða þar sem fjöldi fyrirtækja hefur verið í vanskilum með ársreikninga sína, jafnvel árum saman.

Samkvæmt nýrri reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, sem gildi tók í sumar, skal sekt fyrir vanskil vera 250 þúsund krónur. „Ef félag vanrækir að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá í tvö eða fleiri reikningsár í röð skal fjárhæðin samkvæmt fyrstu meðgrein vera 500.000 krónur fyrir hvert ár,“ segir í reglugerðinni.

Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir að fyrirtækjum í vanskilum með reikninga sem skila hafi átt í fyrra vegna ársins 2006 hafi þegar verið gerð grein fyrir stöðu sinni. Stofnunin sendi í byrjun árs út áminningu til vanskilafyrirtækja þar sem bent var á að í ár tækju gildi ný lög með sektarheimild vegna vanskila. Í kjölfarið var skilað inn um 4.000 ársreikningum, en um mitt ár áttu engu að síður yfir 2.000 fyrirtæki eftir að skila reikningi vegna ársins 2006. Fyrstu sektir gætu því numið hálfum milljarði króna.

Guðmundur segir endanlegar tölur hins vegar ekki liggja fyrir. Þá er enda óvíst hversu mikið innheimtist af sektum, enda kann hluti fyrirtækjanna að hafa hætt starfsemi og því bara til á pappír sem „dauð“ félög og önnur jafnvel á leiðinni í gjaldþrot.

Þá reynir ekki strax á hærri sektarákvæðin vegna vanskila í tvö ár eða fleiri þar sem reglugerðin og gildandi lög um skil árs- og samstæðureikninga ná bara til reikningsársins sem hófst 1. janúar 2006 eða síðar. Áður hefur komið fram að nokkur fjöldi fyrirtækja hefur mun lengri hala og ekki skilað ársreikningum árum saman.

Ný lög um ársreikninga tóku gildi um síðustu áramót og átti reglugerðin að liggja fyrir í maílok. Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sagði í viðtali við Markaðinn í vor fá



GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON Guðmundur, sem er forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir ekki liggja fyrir endanlegar upplýsingar um sektir sem ársreikningaskrá beirir nú í fyrsta sinn eftir að hafa fengið til þess heimild í nýjum lögum og reglugerð.

MARKAÐURINN/ANTON

dæmi til frá dómstólum um að fyrirtæki hafi verið sektuð fyrir að skila ekki ársreikningum. „Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem Ársreikningaskrá fær þessa heimild beint,“ sagði hann.

Viðskiptaráð Íslands hefur eftir fall bankanna hér og í erfiðleikum fyrirtækja beint sjónum að mikilvægi þess að betur sé hugað að allri upplýsingagjöf, með það fyrir augum að auðvelda uppbyggingu og efla traust á íslensku viðskiptalífi á ný. Bent hefur verið á að erlend greiðslufreststryggingarfélag hafi felld niður tryggingar sínar vegna örðugleika í gjaldeyrismöðun og þar með hafi fyrirtæki misst greiðslufresti sína, mislanga eftir atvikum. „Þetta setur gríðarlegt álag á lausafjárstöðuna hjá þessum fyrirtækjum,“ sagði Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, nýverið í viðtali við Fréttablaðið. Komist greiðslumöðun í lag, áréttar hann að fyrirtækin þurfi um leið að standa betur að upplýsingagjöf. „Greiðsluþryggingafyrirtækin koma ekki inn aftur án þess að fyrir liggja upplýsingar um efnahagsreikning fyrirtækja og greiðslugetu.“

Ekki mátti sekta Atorku

Kauphöllin mátti ekki veita Atorku Group opinbera áminningu og beita févítí haustið 2006, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Kauphöllin taldi hálfársuppgjörstilkynningu Atorku 30. ágúst 2006 ekki í samræmi við reglur. Í septemberlok birti Atorka aðra tilkynningu, en fékk svo áminningu Kauphallarinnar og sekt upp á 2,5 milljónir króna.

Atorka vann mál gegn Kauphöllinni í héraðsdómi í desember í fyrra, en Kauphöllin áfrýjaði til Hæstaréttar. Kristín Edwald, lögmaður Atorku í málinu, segir félagið fagna niður-

stöðunni. Skaðinn sé hins vegar skeður því rúm tvö ár séu síðan áminning félagsins var birt á vef Kauphallarinnar þar sem fjárfestar nálgist upplýsingar um skráð félög.

„Við teljum að dómurinn sýni að reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur séu óskýrar og málsmeðferðin óásættanleg. Atorka fékk til að mynda ekki tækifæri til að andmæla áminningunni eða bregðast við að öðru leyti áður en hún var birt,“ segir Kristín.

Samkvæmt dómnunum á Kauphöllin að birta niðurstöðuna á vef sínum og endurgreiða með vöxtum sekt Atorku. -óka

Þrír í þrot í viðbót

Á föstudag tók tryggingarsjóður bandarískra innstæðueigenda, FDIC, yfir þrjá banka. Tveir bankanna, staðsettir í Kaliforníu, voru tiltölulega stórir, en þriðji bankinn var smábanki með fjögur útibú í Georgíuríki. Kaliforníubankarnir Downey Savings and Loan og PFF Bank and Trust, sem eiga samtals 213

útibú í Kaliforníu og Arizona og 16,5 milljarða í eignum, voru lagðir í heilu lagi undir US Bank. Allir urðu bankarnir gjaldþrota sökum stórtaps af fasteignalánunum. Það sem af er árinu hafa nú 22 bankar orðið gjaldþrota í Bandaríkjunum, en FDIC hefur nánar gætur á 117 bönkum til viðbótar. -msh

VALITOR



Traustur íslenskur þjónustuaðili

Í 25 ár hefur VALITOR (áður VISA Ísland) verið í forystu í færsluhirðingu á Íslandi!

Fyrirtækjalausnir VALITOR

Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • Sími: 525 2080 • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

VISA

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

„Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf.

Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone. Ég vil geta valið hvernig ég ver fítíma mínum

og Slendertone er ótrúlega einfalt og þægilegt í notkun og nákvæmlega engin fyrirhöfn.

Ég nota Slendertone þegar ég vinn í tölvunni, horfi á sjónvarpið, þegar ég fer út að ganga eða hvenær sem ég hef lausan tíma“.

*Heimir Karlsson
dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið.*



Eitt stjórnæki með hleðslurafhloðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra
kr. 29.900,-



DÖMUPAKKI 1*

Belti + armar þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

DÖMUPAKKI 2*

Belti + buxur þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 39.900.-

DÖMUPAKKI 3*

Belti + buxur + armar þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

HERRAPAKKI 1

Belti + armar þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

* væntanlegir í byrjun desember

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

SLENDERTONE™
System

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

Hundruð milljarða lán í þagnargildi

Seðlabankastjóri, dómsmálaráðherra og formaður viðskiptanefndar Alþingis telja að bankaleynd eigi ekki við vegna gömlu bankanna. Útlán gömlu bankanna til eigenda sinna námu hundruðum milljarða króna. Ingimar Karl Helgason spurðist fyrir um málið og komst að því að bankamenn óttast fangelsisdóma verði almenningur upplýstur um málið.

Takmarkaðar upplýsingar eru um lánveitingar til eigenda í uppgjörum bankanna. Gömlu bankarnir þrír lánuðu eigendum sínum og félögum þeirra hundruð milljarða króna, samkvæmt uppgjörum, en lengra verður ekki komist eftir þeirri leið. Lánabækur bankanna búa væntanlega yfir fullri mynd af stöðu mála.

Birtar hafa verið upplýsingar um ýmsar lánveitingar Glitnis. Umfjöllun Morgunblaðsins á dögnum vekur spurningar um hvort þar og víðar í bankakerfinu hafi allt verið með felldu. Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, og Jón Ásgeir Jóhannesson, athafnamaður og helsti eigandi Fréttablaðsins, fordæma meint brot á lögum um bankaleynd.

HVAÐ ER BANKALEYND?

Bankaleynd merkir í raun þagnarskyldu stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hvers þeirra sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja, „um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum“, segir í þingskjali. Sama gildir um þagnarskyldu um persónuleg málefni fólks, þar á meðal fjárhag, einnig er getið um þagnarskyldu í lögum um lögmennt og endurskoðendur. Í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki er í skýringum rætt um að þar séu „almennar reglur um bankaleynd“.

Í hinum sömu lögum er raunar undanþága frá bankaleynd. Hún er bundin samþykki þess sem upplýsingarnar eiga við.

Rætt var um bankaleynd á fjölmönnum borgarafundi í Háskólabíói í fyrrakvöld. Einn fyrirsprjandi undraðist að hún væri nú fyrir hendi. Fyrirsprjandinn tók þar undir með Davíð Oddssyni seðlabankastjóra, og raunar dómsmálaráðherra einnig. Davíð sagði á fundi Viðskiptaráðs fyrir viku, að bankaleynd ætti ekki við vegna gömlu bankanna. Upplýsa þyrfti hvers vegna þeir hefðu hrúnið. Björn Bjarnason



VIÐ GJALDKERABORÐIÐ Trúnaður banka við viðskiptavini kann að hafa skírskotanir við annan trúnað, svo sem lækni við sjúkling sinn, eða prests við sóknarborn. Eftir hrun bankanna hefur ágerst umræða um hvort aflétta beri bankaleynd.

MARKAÐURINN/ARNPÓR

dómsmálaráðherra segir ekki ásætlanlegt að mál sem koma upp vegna bankakreppunnar séu sveipuð leyndarhjúp. Hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd eigi að heyrja sögunni til þegar jafn mikilvægir hagsmunir séu í húfi og nú. Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar og formaður viðskiptanefndar Alþingis, hefur enn fremur rætt um bankaleynd við þessar orðum, „Í mínum huga er tomt mál að tala um að gera málið upp og varpa

ljósi á álitamál ef menn geta falið stór og smá mál í bankaleynd.“

LITLI BANKAMAÐURINN

Í frumvarpi um sérstakan saksóknara vegna bankahrunsins, sem Björn Bjarnason hefur mælt fyrir á Alþingi, kemur fram að starfsmaður banka sem veitir upplýsingar, verði ekki sóttur til saka. Með öðrum orðum, sé grunur um alvarlegt brot, eigi bankaleyndin ekki við. Þá taki heim-

ildir saksóknarans til efnahags-, auðugar- og skattabrot, jafnframt þeirra brota sem Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið rannsaka. Þannig geti starfsmenn bankanna öðlast stöðu „whistle blower“ eins og það heitir á ensku og hefur stundum verið kennt við starfsmann Landsímans, sem upplýsti um sitthvað misjafnt þar á bæ og var í framhaldinu nefndur „Litli Landsímamaðurinn“.

BRÝTUR MARKAÐURINN LÖG?

Markaðurinn og Fréttablaðið hafa lagt sig fram um að afla gagna úr gömlu bönkunum, meðal annars um lánveitingar til fyrrverandi eigenda þeirra. Spyrja má hvort þannig brjóti blaðið lög, eða í það minnsta, með augljósa hagsmuni lesenda í huga, leggi sig fram um lögbrot. Skrifað hefur verið til viðskiptaráðherra, Seðlabanka, auk Fjármálaeftirlitsins og allra bankanna þriggja og skilaneftnda þeirra.

Efnisleg svör bankanna við beiðni um upplýsingar úr lánabókum eru skýr: Nei!

Engin svör hafa borist úr Seðlabanka. Viðskiptaráðherra þegar þunna hljóði og Fjármálaeftirlitið var enn að hugsa þegar þessi grein rann undir valsana í prentsmiðjunni.

AF HVERJU?

Morgunblaðið hefur þegar komist yfir upplýsingar úr lánabókum Glitnis gamla og birt. Í fréttaskýringu blaðsins sagði frá ýmsum lánnum til ýmissa aðila, þar á meðal félaga sem fáar skýringar virðast vera á. Blaðamaður Morgunblaðsins fullyrðir raunar að mörg lán og há, hafi verið veitt í trássi við útlánareglur bankans og að helstu eigendur bankans hafi verið þar að baki. Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri, og Jón Ásgeir Jóhannesson hafa sagt að þar hafi bankaleynd verið brotin. Birna Einarsdóttir brýnir bankaleyndina fyrir starfsfólki í bréfi sem hún sendi í vikunni.

Markaðurinn greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að lán bankanna til eigenda sinna hefðu samkvæmt bókum bank-

MORGUNFUNDUR SA UM ÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

FÖSTUDAGINN 28. NÓVEMBER - KL. 8:30-10:00

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að hafa innleitt þjónustutilskipun ESB í íslensk lög fyrir árslok 2009. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja betur frjáls þjónustuviðskipti í Evrópu.

Þjónustutilskipun ESB er ætlað að einfalda regluverk og samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Samtök atvinnulífsins hvetja félagsmenn til að mæta og kynna sér tilskipunina og möguleg áhrif hennar á íslenskt atvinnulíf.

Erindi:

Carlos Almaraz, sérfræðingur frá BUSINESSEUROPE

Gunnar Þór Pétursson, hdl. sérfræðingur við lagadeild HR

Valgerður Rún Benediksdóttir, lögfræðingur hjá viðskiptaráðuneytinu

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA

Skráning og morgunkaffi frá 8:00-8:30



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Af hverju bankaleynd?

Davíð Oddsson seðlabankastjóri var skýr um bankaleynd gagnvart gömlu bönkunum í ræðu sinni hjá Viðskiptaráði á dögnum:

„En við þau tímamót sem nú hafa orðið, þegar talað er um rannsókni og að velja eigi við hverjum steini, af hverju er þá ekkert upplýst um hvers vegna bankarnir hrundu? Af hverju fær almenningur, sem á að borga brúsann, og sá brúsi er engin smásmíði, engar gagnlegar upplýsingar þótt allt ætti nú að vera á borðinu hjá þeim sem hafa mál hinna föllnu banka í höndunum og allt að blasa við eins og opin bók. Niðurfelling forráðamanna Kaupþings á ábyrgðum sínum og annarra hafði legið fyrir vikum saman án þess að nokkuð væri um það upplýst. Það var ekki fyrr en hneykslaðir starfsmenn láku þessum upplýsingum út sem þær urðu almannaæign. Og síðan hefur ekkert verið upplýst, hvernig því máli verður fylgt eftir.“

Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið



DAVÍÐ ODDSSON

brautargengi. Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi? Bankaleynd á ekki lengur við hvað þessi atriði varðar.“

anna numið 275 milljörðum króna um mitt árið. Á sama tíma þykir víst að þar sé eingöngu um að ræða þau félög eða kennitölur sem skráð voru á hluthafalista bankanna eða lán til dótturfélaga þeirra. Eigendur bankanna voru mjög umsvifamiklir í ýmiss konar rekstri og áttu ýmis eignarhaldsfélög. Það virðist eiga jafnt við um helstu eigendur Glitnis, Landsbankans og Kaupþings.

BRÉFBERAR

Fréttablaðið hafði eftir heimildarmanni sínum í gær að bankarnir hefðu enn fremur reynt að halda uppi gengi hlutabréfa í sjálfum sér, með svonefndum loftbólufélögum. Það er að þeir lánðu eignarhaldsfélögum til að kaupa hlutabréf með veði í engu nema sjálfum hlutabréfunum. Eigendur eignarhaldsfélaganna hafi í raun ekkert lagt fram annað en nafn sitt. Slíkir leppar væru kallaðir „bréfberar“. Almennigur sem hafi treyst því að verðmyndun í Kauphöll væri eðlileg, hefði verið hafður að fífl.

ÞÚSUNDIR MILLJARÐA

Útlán Glitnis, Kaupþings og Landsbankans jukust um þrjú þúsund og sex hundruð milljarða króna, milli annars fjórðungs í fyrra og sama tíma í ár. Eitthvað af þessu tengist veikingu krónunnar.

Í heildina námu eignir bankanna, einkum útlán, tæplega 9.300 milljörðum króna samkvæmt hálfársuppgjöri.

Nýjar tölur Seðlabankans sýna að lán bankanna hér innanlands námu tæplega 4.800 milljörðum króna.

Nefna má að samanlagðar skuldir íslenskra heimila við bankakerfið nema ríflega þúsund milljörðum, samkvæmt sömu tölum. Eignarhaldsfélög skulda öllu meira en heimilin, 1.600 milljarða.

LOK LOK OG LÆS

Markaðurinn hefur óskað eftir upplýsingum frá bönkunum, eins og fyrr var skrifað.

Allir vísa, í mismörgum orðum, til bankaleyndar. Í svari Glitn-

is segir raunar að „að óbreyttum lögum“ sé starfsmönnum óheimilt að verða við beiðni um upplýsingar.

„Nema til komi bein lagaleg til-mæli frá löggjafarvaldi Íslands um annað, mun Landsbankinn fylgja þeim lagaramma sem Alþingi hefur sett um bankaleynd. Ummæli formanns bankastjórnar Seðlabanka og dómsmálaráðherra eru og verða ummæli en ekki þingfest lög landsins þar til Alþingi hefur skipað svo.“ Svo segir í svari Landsbanka.

Kaupþingsfólk tekur sterkar til orða:

„Ef svo ólíklega vill til að leynd um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga verða afnumin sem bersýnilega er and-

stæð ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og væntanlega einnig brot á tilskipun Evrópusambandsins um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja mun bankinn synja um afhendingu gagna nema samkvæmt dómi Hæstaréttar og eftir atvikum niðurstöðu Evrópudómstólsins. Auk þess er rétt að benda á að hæpið er að slík lagasetning geti með afturvirkum hætti tekið til lánveitinga sem áttu sér stað fyrir gildistöku slíkra laga.“ Enn fremur er vísað til þess að starfsmenn bankans gætu lent á bak við lás og slá, verði brotið gegn bankaleyndinni.

ÞÁTTUR DÓMSTÓLA OG LÖGGJAFA

Dæmi eru um að bankaleynd

hafi verið aflétt. Til að mynda voru bankarnir þrír allir dæmdir í Hæstarétti í fyrra til að láta af hendi gögn til skattfyrvalda, þrátt fyrir bankaleynd. Fyrir því voru meðal annars nefnd þau rök að starfsmenn skattsins væru líka þagnarskyldir um störf sín.

En dæmin um afnám þagnarskyldu með dómi eru fleiri og þau tilvik sem hér eru rakin eru því ekki tæmandi listi.

Blaðamaður Morgunblaðsins birti gögn sem vörðuðu bankaleynd í umfjöllun um SÍS, fyrir um áratug. Blaðamaður gat með dómi Hæstréttar verndað heimildarmann sinn og var ekki dæmdur sjálfur, enda þótt lög um bankaleynd hefðu verið brotin.

Í ársbyrjun 2006 var banka-

leynd af reikningum lögmansstofu aflétt að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Hæstiréttur hefur einnig nýlega dæmt að bankaleynd skuli víkja fyrir þeim hagsmunum hins opinbera að ganga úr skugga um að skattskil séu rétt, í tilviki greiðslukortafyrirtækja. Ríkisskattstjóri taldi í því máli að almennur trúnaður við viðskiptamenn í formi bankaleyndar hefði ekki þann tilgang að vernda mögulega brotastarfsemi.

Í væntanlegri rannsókn á vegum Alþingis á aðdraganda bankahrunsins eiga rannsakendur að fá víðtækar heimildir og mun vera stefnt að því að víkja bankaleynd til hliðar.

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000

Starfsfólk Eignastýringar Glitnis, Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis Fjármögnunar svara spurningum viðskiptavina ásamt ráðgjöfum Glitnis.

Á glitnir.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

Réttarríkið í hættu?

Aðgerðir stjórnvalda, eins og til að mynda að aflétta bankaleynd, gætu orkað tvímælis og spurningar vakna um grundvallarmál.

Eftir að bankarnir hrundu hafa þegar vaknað ýmsar spurningar. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík, benti á nokkur álitæfni í viðbrögðum stjórnvalda í fyrirlestri á dögum. Hún nefndi meðal annars friðhelgi eignarréttar, jafnræðisreglu, lögmætisreglu og meðalhófsreglu.

Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við sama skóla, benti á að með neyðarlögunum svonefndu væri köflum í stjórnsýslulögum vikið til hliðar þar sem Fjármálaeftirlitið á í hlut. Hún nefnir meðal annars andmælarétt, rökstuðning og stjórnsýslukæru.

Minnihluti viðskiptanefndar sagði í álitinu sínu um neyðarlögin að framsal valds til fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins, ásamt öðru þar, „kunni að ganga fram á ystu brún gagnvart ýmsum stjórnarskrárvörðum réttindum“.

Minnihlutinn sagði einnig að margt benti einnig til þess að þessi leið væri „illskásti neyðarkosturinn í stöðunni og til þess fallinn að leita leiða til að lágmarka skaðann“.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Hvenær gilda reglur réttarríkisins og hvenær ekki?

Af bankaleynd

Björn Ingi Hrafnsson

Athyglisverðum hugmyndum um grundvallarbreytingar á reglum réttarríkisins hefur verið hreyft síðustu daga hér á landi og jafnvel úr ólíklegustu áttum. Svo virðist sem sú staða sé komin upp, að ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt eigi ekki lengur við, ekki heldur lög um bankaleynd og meðferð persónuupplýsinga. Sumpart virðist stemningin sú að skjóta fyrst og spyrja svo, svo vitnað sé til orða menntamálaráðherra á borgarafundi í Háskólabíói fyrr í vikunni.

Segja má að formaður bankastjórnar Seðlabankans hafi með óvæntum hætti hreyft fyrst við málinu í ræðu sinni á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í fyrri viku, þegar hann tiltók ýmis atriði sem hann taldi tengjast hrúni bankanna og kvaðst þeirrar skoðunar að bankaleynd ætti „ekki lengur við hvað þessi atriði varðar“. Undir þetta hefur sjálfur dómstálaráðherra tekið og vísað til mikilvægi þess að allt komi nú upp á borðið, sem í sjálfu sér er auðvitað sjálfsögð og eðlileg krafa við þessar aðstæður. Hún getur þó varla falist í því að lög og reglur verði afnumdar eða að tilteknir einstaklingar eða fyrirtæki megi búast við því að lesa trúnaðarupplýsingar um fjármál sín í fjölmiðlum. Hér hljóta einhverjar almennar og gegnsæjar reglur að þurfa að gilda. Að sjálfsögðu eiga þar til bærir eftirlitsaðilar, eins og sérstakur saksóknari í efnahagsbrotum eða Fjármálaeftirlitið, að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þurfa í sínum störfum. Það er enginn að tala um að ákvæði bankaleyndar eigi við þar, enda vinna slíkir aðilar í samræmi við lög og reglur, þurfa heimildir til rannsókna og leitar og fella ekki dóma, fyrr en sekt hefur raunverulega verið sönnuð.

Að sjálfsögðu eiga þar til bærir eftirlitsaðilar eins og sérstakur saksóknari í efnahagsbrotum eða Fjármálaeftirlitið, að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þurfa í sínum störfum.

Í ítarlegri fréttaskýringu í Markaðnum í dag fjallar Ingimar Karl Helgason blaðamaður um bankaleynd og fer yfir margvíslegar fyrirspurnir sem blaðið hefur sent til bankanna, bæði þeirra gömlu og nýju, skilaneftnda, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og stjórnvalda í tilefni af hrúni íslenska fjármálakerfisins. Niðurstaða blaðsins er í stuttu máli sú að víðast hvar er komið að lokuðum dyrum þegar óskað er eftir upplýsingum; stundum er hreinlega ekki haft fyrir því að svara fyrirspurnum en annars er borið við bankaleynd eða að um viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sé að ræða.

Þetta á ekki síst við um Seðlabankann, sem svarar nær aldrei fyrirspurnum. Þess vegna kom mjög á óvart að formaður bankastjórnar Seðlabankans skyldi furða sig á því að almenningur fengi engar gagnlegar upplýsingar. Af hverju byrjar hann ekki sjálfur á því að liðsinna fjölmiðlum við að rækja eftirlitshlutverk sitt?

Fjölmiðlar leitast vitaskuld við að upplýsa um allar hliðar mála. Þeir óska skýringa, spyrja spurninga og fá ótal ábendingar til sín um mál í hverri einustu viku. Margar þeirra eru nafnlausar, sumar hverjar algjörlega úr lausu lofti gripnar. En það er frumskylda að kanna sannleiksgildi þeirra, svo almenningur fái sem gleggsta mynd af stöðu mála og geti sjálfur dregið sínar eigin ályktanir.

Fyrir alla aðila er hins vegar óþolandi að óvissa ríki um þær reglur og þau lög sem um þessi mál gilda. Ætlar dómstálaráðherra að beita sér fyrir afnámi bankaleyndar með því að flytja um það lagafrumvarp? Hvað mun það þýða fyrir viðskiptabankana? Mun fólk vilja hafa þar sín viðskipti áfram? Verða til bankar hér á landi, þar sem er bankaleynd og svo aðrir í ríkiseigu, þar sem allt lekur út?

Þetta eru spurningar, sem jafnframt væri æskilegt að fá sem fyrst svör við, nú þegar ákveðið hefur verið að allt verði uppi á borðum.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

HÝSING OG REKSTUR TÖLVUKERFA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Með hnullung í skónum

Fyrir þremur mánuðum ritaði ég grein í Markaðinn, sem bar yfirskriftina „Með stein í skónum“ en það er titillinn á smásgagnasafni sem Ari Kr. Sæmundsen stórkaupmaður sendi frá sér í sumar, skemmtilegar sögur. Allir hafa einhvern tímann fengið stein í skóinn, annaðhvort hagrætt honum á milli tana, farið úr skónum og hent steininum, eða látið óþægindin ekki trufla sig umtalsvert. Ég líkti þessu við svokölluð jöklabréf sem valda óþægindum í íslensku efnahagslífi og munu sennilega að stórum hluta koma inn á íslenskan gjaldeyrismarkað á næstu mánuðum og verða til þess að íslenska krónan taki töluverða dýfu, en muni þar á eftir styrkjast nokkuð.

Þetta var nokkuð hógvæð samliking og ekki óraði mig fyrir því að íslenskt fjármálalíf myndi nánast falla til grunna og íslenska krónan taka enn frekari dýfu.

Það er engu líkara en steinvalan sé orðin að hnullungi og með það komast menn ekki hratt yfir. Það er jafnvel komið að því að við verðum að fara úr skónum og labba berfætt yfir hraunið. En íslenska þjóðin hefur gert það áður að ganga yfir úfið hraun á lélegum skóm og mun örugglega takast það líka núna, spurning hvað það tekur langan tíma að komast yfir verstu torfærurnar.

HVAR LIGGJA MISTÖKIN?

Fólk vill fá að vita hvar mistökin liggja; hjá bönkunum, Seðlabankanum, ríkisstjórninni, Fjármálaeftirlitinu, útrásarvikingunum. Það er ekki enn komið á daginn en ljóst er að við duttum í nánast

ORD Í BELG

Jafet S. Ólafsson
framkvæmdastjóri Veigs ehf.



alla drullupollana sem voru á leið okkar og skaðinn er gríðarlegur.

En við eigum enn okkar náttúruauðlindir; orkuna, sjávarafllann, iðnaðinn, landbúnaðinn og síðast en ekki síst kraftmikið fólk. Það er skiljanlegt að fólk sé reitt og það verður að upplýsa almenning betur en gert hefur verið. Fólk veit að verði því á stórfelld skyssa, getur beðið þess brottvísun úr starfi, en ekki virðist gegna sama máli hjá þeim sem bera ábyrgð á íslenskum fjármálaheimi, nú vill enginn bera ábyrgðina. Málið þarf að rannsaka sem fyrst, þannig að allir fái sem gleggstar upplýsingar.

ORÐSTÍRINN LASKAÐUR

Hinn góði orðstír sem Ísland og Íslendingar hafa skapað sér erlendis hefur beðið stórfellda hnekki, allt of langan tíma tók að fá lausn á Icesave-deilunni og allt í einu þjóðast Þjóðverjar til að lána Íslendingum fé til að leggja inn í tryggingarsjóð innstæðueigenda til að greiða út reikninga sem Kaupþing hafði stofnað í Þýskalandi. Þetta virtist koma ráðamönnum á óvart, hvar voru tengslin? Skilaneftndin segir nógur eignir í bankanum. Af hverju koma ekki svona upplýsingar fyrir? Fjölmiðlar magna

fréttirnar upp, þegar illa upplýstir fréttamenn telja allar innstæður Kaupþings og Landsbankans erlendis tapaðar og við þurfum helst að greiða þær allar! Vonandi duga eignir bankanna til að hægt sé að greiða erlendum innstæðueigendum það sem þeir höfðu lagt inn í bankana. Við þetta mundi ímynd okkar stórlega batna. Við verðum að gera út okkar hæfasta fólk til að styrkja ímyndina á nýjan leik og nota til þess alla sem hægt er, hina pólitísku fulltrúa þar sem það á við en ekki síður okkar góða íþróttafólk, listamenn og erlenda velunnara þessarar þjóðar – sem eru ófáir.

SKORTUR Á FRAMKVÆMDAFÉ

Á næstu mánuðum þýðir lítið fyrir íslensk fyrirtæki, fjármálastofnanir og jafnvel orkufyrirtækin að leita eftir erlendri fjármögnun. Það getur því orðið erfitt um framkvæmdafé á næstu mánuðum. Íslenska ríkið (Seðlabankinn) verður að nýta alla lánamöguleika sem gefast til þess að endurlána til bankanna og annarra aðila þannig að hér verði hægt að halda uppi hæfilegum framkvæmdum. Hinir nýju bankar hafa verið seinir í gang og auðheyrta að það er mikið af vanda málum innan þeirra vegga, en fyrirtæki geta ekki endalást beðið eftir því að bankarnir komist í gang.

Það verður nokkuð djúp dýfa sem við tökum hér á næstu mánuðum en við höfum alla burði til að rífa okkur upp á nýjan leik, jafnvel með hnullunginn í skónum.



VIÐ TJÖRNINA Að líkindum hefur þessi ekki tyllt sér á bekk við Tjörnina í Reykjavík til að losa stein úr skónum, heldur til að lesa í félagskap gæsanna. Greinarhöfundur líkti jöklabréfum fyrir nokkru í Markaðnum við stein í skó, en segir nú engu líkara en efnahagslífið sé nú með hnullung í skónum.

ORÐSKÝRINGIN

Skilaneftnd

Við slit hlutafélags eða einkahlutafélags, sem verða af öðrum ástæðum en við gjaldþrot, til dæmis ef hluthafar ákveða að leysa félagið upp, er skipuð skilaneftnd. Hlutverk hennar er að koma eignum félagsins í verð, heimta inn útistandandi kröfur og greiða skuldir.


Skilaneftnd þarf að fá löggildingu hlutafélagskrár og tekur við öllum réttindum og skyldum stjórnar félagsins. Nefndin lýsir eftir kröfum í félagið, og að loknu kröfulýsingarferlinu fundar hún með eigendum félagsins og lánardrottunum um greiðslu skulda. Þegar skilaneftndin hefur lokið störfum er fyrirtækið leyst upp. Telji skilaneftnd hins vegar að eignir félagsins dugi ekki fyrir kröfum skal bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta.

Við gjaldþrotaskipti skipar héraðsdómur skiptastjóra, og í stórum gjaldþrotum er skipuð skipta-

stjóranefnd, sem stundum eru kallaðar „skilaneftndir“ þótt það sé ónákvæmni.

Skilaneftnd gerir í raun hið sama og skiptastjóri sem stýrir gjaldþrotaskiptum, en vinnur í umboði félagsins en ekki yfirvaldsins. Einn mikilvægasti munurinn á gjaldþrotaskiptum og starfi skilaneftnda er að gjaldþrotaskiptum er ætlað að taka mjög skamman tíma, og almennir kröfuhafar fá oft lítið upp í sínar kröfur.

Starf skilaneftnda getur þó tekið mjög langan tíma, til dæmis eru skilaneftndir sem settar voru á fót í sænska og norska bankahruninu enn starfandi með hinum erlendu kröfueigendum, þar sem ekki er búið að koma öllum eignum gömlu bankanna í verð. Þannig er tryggt að almennir kröfuhafar fái sem mest upp í kröfur sínar.



you can
Canon

We Speak Image

Hafðu stjórn á prentuninni

Jafnvel þótt að skjal geti verið um 30% áhrifaríkara sé það litprentað er ekki alltaf nauðsynlegt að prenta í lit. Við getum komið þér til aðstoðar og dregið úr kostnaði við prentun. Canon prentarar skila frábærum gæðum og rekstrarkostnaðurinn er mun lægri en þig grunar. **Gerðu verðsamanburð.**



LBP 3370 - Hagkvæmur laserprentari

- 26 síður á mínútu í svörtu
- Fyrsta eintak á aðeins 6.5 sekúndum
- Sjálfvirk tvíhliða prentun (duplex)
- Toner ending 7000 bls.
- Netkort

Tilboðsverð: 69.900,- *

LBP 5050N - Lita laserprentari

- 8 bls. á mínútu í lit, 12 bls. í svörtu
- Fyrsta eintak á 22 sekúndum
- Toner og tromla í einu hylki
- Sjálfvirk bakritun (duplex)
- Netkort

Tilboðsverð: 49.900,- *

MF 8450 - Fjölnota lita laserprentari

- 17 bls. á mín í lit og svörtu, prentun og ljósritun
- Fyrsta eintak á 16 sekúndum
- Skönnun í tölvupóst, miðlæg drif eða beint á USB minnislykil
- Netkort

Tilboðsverð: 179.900,- *

* Verð eru birt með fyrirvara um gengisbreytingar. Öll verð innihalda vsk.

NÝHERJI hf. • prentlausnir@nyherji.is • sími 569 7700 • www.nyherji.is


NÝHERJI

BANKHÓLFID

Hörð gagnrýni úr ráðuneyti

Verðtryggingin er eilíft þrætu-
epli hér á landi, ekki síst með
stighækkandi verðbólgu og til-
heyrandi kjaraskerðingu. Einn
þeirra sem gagnrýnir verð-
trygginguna er Guðmundur
Hörður Guðmundsson, upplýs-
ingafulltrúi umhverfisráðuneyt-
isins. Hann segir í nýlegri grein
hér í blaðinu, að verðtrygging-
in sé „óréttlát“, „andstæð eign-
arréttarákvæði stjórnarskrár-
innar“ og svipti fólk eign sinni.
Hún sé „skattur sem lagður er
á almennig hér á landi til að
viðhalda dvergöxn-
um gjaldmiðli og til
að bæta upp fyrir
mistæka peninga-
stjórn“. Það var og,
Ekki á hverjum degi
sem menn í yfir-
stjórn ráðuneyta
tjá sig með slík-
um hætti.



Skuldir og skil

Guðmundur Magnússon hag-
fræðiprófessor ritar athyglis-
verðan pistil um kollsteypu ís-
lensku bankanna í nýjasta hefti
Vísendingar. Þar fjallar hann
meðal annars um það hvernig
ábyrgð á hruninu er nú velt
milli aðila og segir: „Skuldi ein-
staklingur eða fyrirtæki 100
milljónir í banka er það hans
eigið vandamál að standa í skil-
um. Sé skuldin 10 milljarðar
króna er það vandamál bank-
ans. Nemi hún 100 milljörðum
króna er það vandamál Seðla-
bankans. Séu skuldirnar 1000
milljarðar króna er það vanda-
mál allrar þjóðarinnar.“

Styrmir skrifar bók

Styrmir Gunnarsson, fyrrver-
andi ritstjóri Morgunblaðsins,
sést nú reglulega „á sveimi í
kringum Davíð í Seðlabankan-
um“ að sögn DV í gær. Segir
blaðið Styrmir nú vera aðal-
spunameistara bankastjórans.
Markaðurinn hefur haft spurn-
ir af því að ritstjórinn fyrrver-
andi sé aftur sestur við skriftir
og ætli sér að fjalla um íslensku
útrásina og ástæður banka-
hrunsins margfræga. Spurning
er hvort hann hafi
greiðari aðgang
að ýmsum
merkum upp-
lýsingum en
aðrir, sem
rýna nú í
þessi mál og
velta fyrir sér
orsök og afleið-
ingu.



3.000 milljarðar króna, eða 22 milljarðar dollara er
sú upphæð sem rússneski seðlabankinn not-
aði til að verja gengi rúblunnar í eina viku.

138 mánuðir, eða ellefu og hálf ár höfðu
þurrkast út úr kauphöllinni í New
York eftir lækkanir síðustu viku.

310 milljónir punda voru í útlánum frá
Kaupthing Singer & Friedlander bankan-
aum til kaupa á snekkjum og einkapotum.
Bankinn sérhæfði sig í slíkum lánum.



CAREERS IN TECHNOLOGY & FINANCE

FATTOC LLC is one of the leading electronic trading firms in the world. We are a small company of highly talented, cooperative engineers, scientists, and traders. We trade in major markets including foreign exchange, metals, equities, and fixed income.

We plan to open a software development subsidiary or satellite company in Iceland. Personnel will be expected to, on some occasions, travel to the corporate headquarters in Beverly Hills, California, USA.

We are seeking individuals with backgrounds in the following:

Languages Python, Java, C/C++, Perl

Databases SQL, MySQL, Postgres

GUI QT, HTML, Javascript

Statistics Factor Analysis, Regression Analysis, Time Series Analysis

Network Juniper, Cisco, Foundry Equipment, Dynamic Routing Protocols, Low Latency Routing & Switching, Network Monitoring tools, including Open NMS, Intermapper, etc.

DECEMBER 2, 2008

An invitation-only private seminar will be held in Reykjavik on **Tuesday, December 2, 2008**. Please submit your resume for consideration. Invitations will be emailed to qualified candidates.

We invite interested candidates to view our website at www.fattoc.com and email their resume to jobs@fattoc.com attention of John Benediktsson.



KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA
sími 511 4466

Ómótstæðilegar sælkeravörur við öll tækifæri...

Cumberlandsósa - Piparrótarsósa - Hindberja vinaigrette - Fíkjuhunang - Mangó - og eplachutney - Graflaxssósa - Valhnetuhunang

